

# PLÖTUR 75 MEÐ ÁL

## ÁLKLÆDD EINANGRUN

FYRIR  
GRIPAHÚS,  
HLÖÐUR OG  
VÉLASKEMMUR

Steinull h.f. býður nú upp á afar hentuga lausn við einangrun þessarra bygginga. Um er að ræða stífar steinullarplötur með álímdri óbrennanlegri netstyrktri álfilmu, sem bæði nýtist sem endanlegt innra yfirborð og rakasperra.

Plötuna er auðvelt að festa upp og útfæra með ýmsu móti. Ódýr og fljótleg lausn sem uppfyllir fyllilega væntingar um útlit og endingu.



STEINULL HF



## Vantar einangrun eða ertu ekki með réttu einangrunina?

Víða um land eru gripahús og hlöður óeinangraðar eða einangraðar með brennanlegri einangrun og uppfylla þessi hús því alls ekki byggingarreglugerð og er í mörgum tilfellum um stórhættulega eldgildru að ræða.

Þessi lausn hefur verið reynd á nokkrum bæjum í Skagafirði síðustu árin og eru útfærslur með ýmsu móti. Elsta dæmið er frá 2003, þar var valinn sá kostur að taka þakjárníð af hlöðunni og setja einangrunina niður á milli banda sem þakjárn er neglt í og setja það á aftur að einangrun lokinni. Í öðrum tilfellum hafa plötur verið festar beint neðan á neglingarböndin og myndað þannig eina heild. Samskeytum platna er lokað með állímbandi sem einnig er netstyrkt og staðist hefur fyllilega það álag sem er í húsum sem þessum. Einnig er auðvelt að festa plöturnar upp með timburlistum og að loka um leið samskeytunum. Þeir bændur sem hafa nýtt sér þessa útfærslu eru sammála um það að þetta hafi verið ódýr og fljótleg lausn og uppfyllt fyllilega væntingar þeirra um útlit og endingu.

Kostir við þessar plötur eru að þær eru svo stífar að þær þola að vera með óvarða hlið upp að þakjárn, álfilman er rakabétt þannig að innanhússraki kemst ekki í plötur. Áláferðin gefur líka birtu og endurkast frá ljósum. Plötur hafa góð áhrif til hljóðdempunar í húsum bæði vegna hávaða frá skepnum og ytri hávaða svo sem veðri. Þá eru þessar plötur óbrennanlegar eins og krafa er um og geta því hindrað útbreiðslu elds. Við bruna hvorki leka þessar plötur niður né gefa frá sér skaðlegan reyk.


Notkun þessara platna er ekki endilega bundin við gripahús eða hlöður því þær henta að sjálfsögðu vel ýmiskonar iðnaðar- og geymsluhúsnæði.



Stálgrindaskemmu breytt í fjós, klætt með 50 mm plötum í þak og 30 mm plötum á vegg.



Staðsteyptri hlöðu breytt í fjós, klætt neðan á bönd með 50 mm plötum m/áli.



Stálgrindafjós, klætt með 50 mm plötum með áli og málaðir listar undir.

